

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 9 í stjórn Herjólfss ohf., símafundur föstudaginn 24. ágúst 2018 kl. 14:00.

Mættir eru Grímur Gíslason (GG), Lúðvík Bergvinsson (LB), Arndís Bára Ingimarsdóttir (ABI), Páll Guðmundsson (PG) og Dóra Björk Gunnarsdóttir (DBG).

Á dagskrá fundarins voru þrír dagskrárliðir:

1. Ráðningamál

Fært í sérstaka trúnaðarfundargerð sem fylgir fundargerð þessari.

2. Val í valnefnd vegna ráðningar framkvæmdastjóra.

Lögð fram tillaga um að ABI, DBG og PG setjist í valnefnd vegna ráðningar framkvæmdastjóra. Tillagan samþykkt. Viðtöl umsækjenda við valnefnd munu að öllum líkindum fara fram í næstu viku. Stjórnarmönnum kynnt drög að áætlun til að vinna eftir í ráðningarferlinu en áætlunin var unnin af Capacent og formanni stjórnar.

3. Önnur mál

3.1 Fundur með Vegagerðinni

GG gerir grein fyrir fundi með Vegagerðinni þar sem m.a. voru ræddar um hugmyndir um mönnun á nýjum Herjólf.

3.2 Kjaramál

Kjaramál rædd stuttlega. Allt mjög óljóst hvað það varðar að svo stöddu.

Fleira ekki bókað.

Fundi slitið kl. 14:40

Fundargerð ritaði ABl.